

TÆKNILEIÐBEININGAR FYRIR ÍBÚÐIR

Þegar íbúi flytur inn í íbúðina sína þarf að huga að tæknimálum. Íbúa er frjálst að koma með sitt eigið sjónvarp, útvarp, tölvu, spjaldtölvu eða síma/snjallsíma. Notkun á interneti er gjaldfrjáls.

- Hægt er að tengja sjónvarp inni í hverri íbúð tengt við loftnetsinnstungu. Túbusjónvörp eru óheimil vegna eldhættu og taka óþarfa pláss.
- Ef óskað er eftir því að hengja flatskjáinn upp á vegg, þá er heimilt að bora í vegginn. Aðstandendur þurfa sjálfir að ganga frá því, koma með nauðsynleg tæki og þrifa eftir sig. Húsvörður Sólvangs getur ekki aðstoðað við uppsetningar á munum í einkaherbergjum íbúa. Athugið að veggurinn er steinveggur upp á borinn að gera.
- Í gegnum loftnetstengingu er hægt að horfa á opnar rásir svo sem RÚV og Sjónvarp Símans (línulega dagskrá) en ekki Hringbraut og N4. Áhorf á vinsælu stöðvarnar Hringbraut og N4 er hægt ef viðkomandi fær sér myndlykil frá Símanum eða Nova TV appið (eingöngu hægt í Smart TV eða snjallsjónvörpum).
- Sé þess óskað að kaupa sjónvarpsáskriftir, þá geta íbúar leigt sér myndlykil frá Símanum, á eigin kostnað. Íbúar þurfa að fá sér sérstakan myndlykil sem virkar fyrir þessa tæknilegu uppsetningu frá Símanum, svokallaður “myndlykill óháður neti”. Ekki er hægt að koma með myndlykilinn að heiman sem viðkomandi átti. Ef íbúi vill sjónvarpsáskriftir sem Stöð 2 býður upp á, þá geta þeir keypt þær í gegnum myndlykilinn frá Símanum (fyrir utan áskriftarveituna Hopster). Í gegnum myndlykilinn frá Símanum geta íbúar keypt Sjónvarp Símans Premium, Heimur, Sekmmtipakkann frá Stöð 2, Heimur Evrópa, Stöð 2 og Sportpakkann. Þetta má finna inni á myndlyklinum frá Símanum. (Velur VOD takkann á fjarstýringunni – Áskriftir sem er lengst til hægri í annarri röð frá topp mv. uppsetningu á myndlykli 7.8.2020).
- Þráðlaust gestanet er í húsinu, en niðurhal á þungum skjölum, t.d. bíómyndum er óheimilt. Lokað er fyrir Netflix.
 - Lykilorð er **solvangur**
- Íbúar geta verið með IP síma með eigin símanúmeri, hefðbundin innstunga fyrir síma er ekki til staðar. GSM sími er þó einfaldast. IP sími þýðir að innstungan er í gegnum ethernetneti eins og notað er við tölvur, það er ekki símatengi.
- Athugið að aðeins annað ethernetnetið í veggnum er tengt (þetta sem er hægra megin), hafið samband við starfsmenn ef það þarf að tengja fleiri en eitt tæki við internetið. Tengja þarf því sjónvarpið við tengið hægra megin. Tengid sjónvarp ávallt við ethernetsnúru í vegg, ekki þráðlausa netið (Wifi).
- Starfsmenn Sólvangs eru ekki sérfræðingar að setja upp ný sjónvörp. Leitið til seljenda sjónvarpsins eða ættingja sem er vel að sér í tæknimálum ef þið lendið í vandræðum með að finna stöðvar. Við erum ekki með tæknimann í húsinu til að leysa slík mál. Athugið að oft liggur orsökina á því að finna ekki t.d. RÚV, er að við leit á stöð kemur stöðin ekki endilega upp á rás 1.
- Solvangur ber ekki ábyrgð á skemmdum sem kunna að eiga sér stað á dýrum tækjum og tryggingar Sólvangs bæta ekki mögulegar skemmdir.